

Pamela De Sensi lauk einleikarprófi á flautu frá Conservatorio di Musica L. Perosi undir handleiðslu Matthias Ziegler í Campobasso á Ítalíu og tók meistarapróf í kammertónlist frá Conservatorio di Musica S. Cecilia í Róm árið 2003. Hún hefur einnig sótt tíma hjá kunnnum flautuleikurum á borð við C. Klemm, M. Ziegler, F. Reengli, T. Wye og M. Larrieu. Pamela hefur tekið þátt í mörgum keppnum sem einleikari og ætíð vermt efstu sætin. Hún hefur leikið á fjölmörgum tónleikum, bæði sem einleikari og í kammertónlist, á Ítalíu - heimalandi sínu - og víða í vestur Evrópu, Rússlandi, Bandaríkjunum og Mexíkó.

Pamela flutti til Íslands 2008 og hefur síðan tekið afar virkan þátt í íslensku tónlistarlífi sem kennari og flautuleikari. Hún er meðal annars stofnandi tónleikaraðarinnar Töfrahurð fyrir börn, hefur samið tónlistarævintýri og tekið þátt í útgáfu bóka um tónlist fyrir börn.

Júlíana Rún Indriðadóttir lauk burtfararprófi frá Tónskóla Sigursveins árið 1989 þar sem aðalkennari hennar var Brynja Guttormsdóttir. Hún stundaði síðan píanónám hjá Georg Sava í Berlín og Jeremy Denk og Edward Auer við háskólann í Bloomington í Indiana þaðan sem hún lauk meistaragráðu í píanóleik árið 1998. Hún hlaut TónVakaverðlaun ríkisútvarpsins árið 1995.

Júlíana hefur komið fram á tónleikum sem einleikari, meðleikari og kórstjóri á Íslandi sem og í Þýskalandi. Hún hefur starfað sem tónlistarkennari og meðleikari við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar frá árinu 1998.

Pamela De Sensi
flauta

Júlíana Rún Indriðadóttir
píanó

In kontra



La Primavera. Verkið lýsir vordegi og vornótt. Rétt áður en við vöknum og rétt eftir að við sofnum. SS

Nautilus er tilvitnun í bók Jules Verne, *Sæfarinn*, eða *Vingt mille lieues sous les mers*, en Nautilus heitir kafbátur Nemo skipstjóra sem hann ferðast á um undirdjúpin. Verkið er í einum kafla og byggist þannig upp að hver hluti heldur sig við ákveðið tónsvið hvors hljóðfæris sem síðan fer neðar og neðar þar til dýpstu nótum er náð, þá byrja hljóðfærin aftur að leita til yfirborðsins. SP

Album var skrifað í vor fyrir Pamelu De Sensi. Tónefni verksins er sótt í fangamörk allra í fjölskyldunni og leikið með þau á ýmsan hátt. Þau eru umtálkuð yfir í nótur en einnig unnin úr þeim hrynmynstur sem eiga rætur í morskerfinu. Tónmyndirnar eru stundum draumkenndar og stundum ákafar og rytmískar. Hljóðlykkjan myndar svo einskonar hringrás sem bindur þær saman. EG

Una selva oscura. Kontrabassaflautan er dimmrödduð og dulúðleg og vegna ítalsks uppruna Pamelu fékk ég innblástur frá höfuðskáldi Ítala, Dante Alighieri (1265–1321). Línur hans frá *Canto I* þótti mér eiga við: *Nel mezzo del cammin di nostra vita/ mi ritrovai per una selva oscura,/ ché la diritta via era smarrita* – „Um miðbik lífsferðalags okkar/ fannst mér ég vera í myrkum skógi/ því að ég hafði týnt hinni beinu leið“. OK

Sonnettarnar voru samdar til að draga fram tóna altflautunnar. Sú fyrri er hægur vals og sú seinni hefst á kadensu og er í ójöfnum takti. PDS

Fimm hugleiðingar. Það er gjöf að geta leitað inn á við þegar utanaðkomandi áreiti er við þolmörk, eins og höfundur fékk að upplifa í vinnustofu sinni mitt í bullandi framkvæmdum í Höfðatúni snemmsumars. Upp úr því merkilega andrúmslofti spruttu hugleiðingarnar fimm. Verkið er samið sérstaklega fyrir, og tileinkað Pamelu De Sensi HS

Efnisskrá

Sigurður Sævarsson
f. 1963

La Primavera
fyrir altflautu og hrynstafi
– *frumflutningur*

Steingrímur Þórhallsson
f. 1974

Nautilus
fyrir bassaflautu og píanó

Jónas Tómasson
f. 1946

Postlude nr. 4
fyrir kontrabassaflautu og píanó
– *frumflutningur*

Elín Gunnlaugsdóttir
f. 1965

Album
fyrir altflautu og hljóðlykkju

Oliver Kentish
f. 1954

Una selva oscura
fyrir kontrabassaflautu og píanó
– *frumflutningur*

Mike Mover
f. 1958

Sonnettur
fyrir altflautu og píanó

Haraldur Sveinbjörnsson
f. 1975

Fimm hugleiðingar
fyrir bassa/kontrabassaflautu og píanó
– *frumflutningur*